

## REGLUGERÐ

### um (10.) breytingu á reglugerð nr. 606/2021 um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

#### 1. gr.

Við 4. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar bætist við einn nýr stafliður, svohljóðandi:

b. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1879 frá 9. júlí 2024 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar útreikning á jöfnunarkröfum vegna kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA), sem vísað er til í tölulið 21alw, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2025, frá 7. febrúar 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 30. mars 2025, bls. 699-703.

Við 2. mgr. 33. gr. a. reglugerðarinnar bætist við einn nýr stafliður, svohljóðandi:

k. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/411 frá 30. janúar 2024 um skrána yfir skipafélög þar sem stjórnsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, er tilgreint í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tölulið 21alv, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 759/2025, frá 7. febrúar 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30 frá 8. maí 2025, bls. 61.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1879 frá 9. júlí 2024 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar útreikning á jöfnunarkröfum vegna kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA).
2. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/411 frá 30. janúar 2024 um skrána yfir skipafélög þar sem stjórnsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, er tilgreint í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

#### 3. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 96/2023.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 15. júlí 2025.*

**Jóhann Páll Jóhannsson.**

---

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 30. júlí 2025